<u>Versl. og skrif- stofufólk</u>	prentara 0.7%, vegna skrifstofufólks 0.3% og vegna afgr. fólks 0.4%.

4. Fæðingarstyrkur kvenna.

Fæðingarstyrk fær það kvenfólk, sem unnið hefur 1 ár eða lengur hjá sama atvinnurekanda. Styrkurinn er 2 vikur í dagvinnu. Um 2% Iðjufólks hefði átt að fá styrkinn.

Iója $2/52 \cdot 0.02 = 0.077\%$ af daglaunum.

Fisk-
vinnslu-
fólk Fæðingarstyrkur kvenna sem unnið hafa eitt ár eða lengur hjá sama atvinnurekanda, skal vera þrjár vikur. Gert er ráð fyrir að 60% fiskvinnslufólks sé konur og að þær eigi að 3/4 hlutum rétt á fæðingarstyrk. Þá er gert ráð fyrir að frjósemi kvenfólks í fiskverkun sé svipuð á öllu landinu. $3/52 \cdot 0.026 \cdot 0.60 \cdot 3/4 = 0.07\%$ daglauna.

Prentarar Fæðingarstyrk fær það kvenfólk, sem unnið hefur 1 ár eða lengur. Styrkurinn skal vera 3 vikur. Vegna ónógra upplýsinga er þetta atriði ekki metið.

Versl.og Kona í verslunarmannafélagi, sem hefur unnið hjá sama
skrif- vinnuveitanda í eitt ár á rétt á óskertu kaupi í 12
stofufólk virka daga er hún er fjarverandi vegna barnsburðar.
 Kostnaður vinnuveitanda vegna þessa er áætlaður og
 gert ráð fyrir því að kvenfólk sem starfar að versl-
 unarstörfum sé að meðaltali jafn frjósamt og aðrar
 konur í landinu og að 58.8% félaga í LÍV eigi rétt til
 fæðingarstyrks að meðaltali að 3/4 hlutum:
 $12/302 \cdot 0.026 \cdot 0.588 \cdot 3/4 = 0.05\%$ daglauna.

5. Orlof. Orlof er almennt 24 virkir dagar á ári (laugardagar taldir virkir). Iðjufólk fær 25 daga orlof eftir 10 ára starf hjá sama iðnfyrirtæki og 27 daga eftir 15 ára starf. Prentarar fá 25 daga orlof á ári (samningar 9. maí 1974) og 28 daga eftir 12 ára starf í iðninni. Verslunarmenn fá 27 daga orlof eftir 10 ára starf hjá sama vinnuveitanda. Til einföldunar er hér aðeins reiknað með 8.75% orlofi á laun prentara og 8.33% orlof á laun annarra.

7. Sjúkrasjóður.

Iðgjöld atvinnurekenda til sjúkrasjóða nema að lágmarki 1% af útborguðu kaupi skv. lögum 19/1979.

8. Orlofsheimilasjóður.

Atvinnurekendur greiða 0.25% af öllu kaupi til orlofsheimilasjóða verkalýðsfélaga. Auk þess greiða iðnrekendur (vegna Iðjufólks) önnur 0.25% til eigin orlofs-sjóðs. Samsvarandi regla gildir hjá vinnuveitendum verslunar- og skrifstofufólks þar sem 0.25% launa greiðast til Félagsheimilasjóðs.

9. Lífeyrissjóður.

Greiðsla atvinnurekanda til lífeyrissjóðs er 6% af útborguðu dagvinnukaupi skv. samningi samninganefndar ASÍ og samtaka vinnuveitenda dags. 19. maí 1969.

10. Slysatrygging I.

Í kjarasamningum í des. 1971 var samið um að atvinnurekendur skyldu tryggja starfsfólk fyrir dauða eða

varanlegri örorku af völdum slyss í starfi eða á eðli-
legri leið milli heimilis og vinnustaðar. Í kjara-
samningum í júní 1977 var enn fremur samið um að greidd-
ir skyldu dagpeningar í slysatilfellum.

Iðja Flest Iðjufólk er í 4. flokki = 195 kr. á viku.

Hafnar-
verkamenn eru flestir í 9. flokki = 398 á viku.

Fisk-
vinnslu-
fólk Er í 3. flokki sem er 137 kr. á viku eða í 5. flokki
sem er 213 kr. á viku. Áætlað 150 kr. á viku.

Afgr.
fólk Er flest í 2. flokki sem er kr. 102 á viku.

Skrif-
stofufólk Er í 1. flokki = 72 kr. á viku.

Prentarar eru í 3., 4. eða 5. flokki, áætlað 177 kr. á viku.

11. Atvinnuleysistryggingarsjóður.

Vikugjald atvinnurekenda til sjóðsins samkvæmt 5. gr.
laga um atvinnuleysistryggingar er kr. 300.

12. Lífeyristryggingar.

Lífeyristryggingar taka til ellilífeyris, örorkulíf-
eyris, makabóta, barnalífeyris, mæðralauna, ekkjubóta
og ekkjulífeyris. Samkvæmt 20. gr. laga um almanna-
tryggingar skulu atvinnurekendur bera 14% af útgjöldum
lífeyristrygginganna. Iðgjald fyrir árið 1979 hefur
verið ákveðið 2% af launum eins og þau eru skilgreind
í 25. gr. laga um almannatryggingar.

13. Slysatrygging II.

Um slysatryggingu II gilda ákvæði IV kafla, 27. - 39.
gr. laga um almannatryggingar. Slysatryggingar þessar
taka til slysa við vinnu, iðnnám, björgunarstörf og
stjórn aflvéla og ökutækja. Útgjöld slysatrygginga
skulu borin af atvinnurekendum. Iðgjald reiknast af
sama stofni og lífeyristryggingagjald og er fyrir árið
1979 0.352% af launum.

14. Launaskattur.

Um launaskatt gilda lög nr. 14/1965. Launaskattur er

nú 3.5% af launum. Undanskilin eru laun vegna starfa við búrekstur og laun sjómanna á fiskiskipum.

15. Iónaðargjald.

Iónaðargjald er 0.2% á allar launagreiðslur iðnfyrirtækja skv. lögum nr. 64/1965 um rannsóknir í þágu atvinnuveganna.

16. Félagsgjald atvinnurekenda.

Iðja Gjald til Félags ísl. iðnrekenda er 1.0% af dagvinnukaupi.

Hafnar-
verkamenn Gjald til VSI er 0.8% af gr. launum hjá þeim sem beina aðild eiga að sambandinu.

og fisk-
vinnslu-
fólk

Prentarar Gjald til Félags ísl. prentiðnaðarins er 0.6% af útborguðu kaupum og að auki kr. 68.000 á hvert fyrirtæki. Áætlað samtals 0.68% af launum.

Afgr.og Áætlað 0.6% af launum.

skrif-
stofufólk

17. Iðnlánasjóðsgjald.

Iðnlánasjóðsgjald er nú 0.6% á öll gjöld iðnfyrirtækja nema söluskatt, aðstöðugjald og eignaskatt skv. lögum nr. 45 3. apríl 1963 um Iðnlánasjóð.

18. Aðstöðugjald.

Aðstöðugjald leggst á sama stofn og Iðnlánasjóðsgjald.

Iðja og Aðstöðugjald er 1% á gjöld iðnfyrirtækja.

prentarar

Hafnar-
verkamenn Aðstöðugjald er 1.3% á öll gjöld við hafnarvinnu og vöruafgreiðslu, nema á vinnu um boró í skipi 0.65%. Áætlað að meðaltali 1.1%.

Fisk-
vinnslu-
fólk Aðstöðugjald er 0.5% á öll gjöld fyrirtækja í fiskvinnslu.

fólk

Afgr.og Áætlað 1% af öllum gjöldum.

skrif-
stofufólk

Tafla 4.1

Laun og launatengd gjöld.

	Iðja kr.	Hafnar- verkam. kr.	Fiskv. fólk kr.	Prent- arar kr.	Afgr. fólk kr.	Skrifst. fólk kr.
1. Dagvinnutaxti	1159.00	1199.00	1142.00	1329.00	1279.00	1477.00
2. Veikindagreiðslur	40.57	41.97	39.97	53.16	39.65	45.79
3. Slysagreiðslur	8.11	13.19	6.85	9.30	5.12	4.43
4. Fæðingarstyrkur kvenna	0.89	-	0.80	-	0.64	0.74
5. Orlof	100.67	104.47	99.10	121.75	110.32	127.28
6. Samtals	1309.24	1358.63	1288.72	1513.21	1434.73	1655.24
7. Sjúkrasjóður 1% af 6.	13.09	13.59	12.89	15.13	14.35	16.55
8. Orlofsheimilásjóður	6.55	3.40	3.22	3.78	7.17	8.28
9. Lífeyrissj., 6% af 1.-4.	72.51	75.25	71.38	83.49	79.46	91.68
10. Slysatrygging I	4.88	9.95	3.75	4.43	2.55	1.80
11. Atvinnuleysistr.sjóður	7.50	7.50	7.50	7.50	7.50	7.50
12. Lífeyristr. 2% af 6.	26.18	27.17	25.77	30.26	28.69	33.10
13. Slysatr.II, 0.352% af 6.	4.61	4.78	4.54	5.33	5.05	5.83
14. Launaskattur 3.5% af 6.	45.82	47.55	45.11	52.96	50.22	57.93
15. Iónaðargjald 0.2% af 6.	2.62	-	-	3.03	-	-
16. Félagsgj. atv.rekenda	12.09	10.87	10.31	10.29	8.61	9.93
17. Iónlánasjóðsgjald	9.04	-	-	10.38	-	-
18. Aðstöðugjald	15.05	17.15	7.37	17.29	16.38	18.88
19. LAUN OG LAUNATENGD GJÖLD	1529.17	1575.84	1480.56	1757.08	1654.71	1906.72
Óbeinn launakostnaður sem hlutfall af texta	31.9	31.4%	29.6%	32.2%	29.4%	29.1%

II Launakostnaður á virka vinnustund.1. Greiðslutími.

Dagvinnutími á viku er 40 klst. Í ári teljast 52.1767 vikur (365.237 dagar). Meðalfjöldi greiddra stunda í dagvinnu á ári er því $40 \cdot 52.1767 = 2087.07$ stundir.

2. Aukahelgidagar.

Greiddir helgidagar sem hvorki falla á laugardaga eða sunnudaga eru eftirfarandi:

Nýársdagur (laugard.7 hv. ár, sunnud.7 hv. ár)	= 5/7
Skírdagur (sumardagurinn fyrsti 11 hv. ár)	= 10/11
Föstudagurinn langi	= 1
Annar í páskum (mánud.)	= 1
Sumardagurinn fyrsti (fimmtud.)	= 1
1. maí (laugard.7 hv. ár, sunnud.7 hv. ár)	= 5/7
Uppstigningardagur (fimmtud.)	= 1
Annar í hvítasunnu (mánud.)	= 1
17. júní (laugard.7 hv.ár, sunnud.7 hv. ár)	= 5/7
Aðfangadagur jóla (hálfur laugard.7 hv.ár, sunnud.7 hv. ár)	= 5/14
Jóladagur (laugard.7 hv. ár, sunnud.7 hv.ár)	= 5/7
Annar jólad. (laugard.7 hv.ár, sunnud.7 hv.ár)	= 5/7
Gamlaársd. (hálfur laugard.7 hv.ár, sunnud. 7 hv. ár)	= 5/14
Samtals	10.1948

Greiddir tímar vegna aukahelgidaga eru því $8 \cdot 10.1948 = 81.56$ klst. á ári. Prentarar og verslunarmenn eiga að auki frí fyrsta mánudag í ágúst þannig að frí vegna aukahelgidaga nemur hjá þessum starfsstéttum 89.56 stundum á ári.

3. Orlof.

Almennt er orlof 24 virkir dagar á ári, en allmargar starfsstéttir hafa þó samið um lengra orlof með hækkandi starfsaldri. 5/6 hlutar orlofs falla á greiðsludag, þar sem laugardagar teljast virkir. Greiddir orlofsdagar eru því $24 \cdot 5/6 = 20$ og greiddar orlofsstundir = $20 \cdot 8 = 160$ stundir á ári að lágmarki. Prentarar eiga skv. samningi $21 \text{ orlofsdag} = 21 \cdot 8 = 168$ stunda orlof hið minnsta.

4. Kaffitímar.

Kaffitímar í dagvinnu eru 35 mínútur á dag hjá þeim starfshópum sem hér um ræðir, nema hjá skrifstofufólki, sem hefur 15 mínútna kaffihlé á dag.

Kaffidagar á ári teljast vera 230.69 og er þá fjöldi laugardaga, sunnudaga, aukahelgidaga og orlofsdaga dreginn frá dagafjölda meðalárs. Hjá verslunarfólki eru kaffidagar einum færri eða 229.69 talsins og tveimur færri eða 228.69 hjá prenturum.

Samkvæmt framansögðu eru kaffistundir á ári 134.57 hjá verkafólki við iðnaðarstörf, fiskvinnu eða hafnarvinnu, 133.40 hjá prenturum, 133.99 hjá afgangslufólki og 57.42 hjá skrifstofufólki.

5. Skipting greiddra stunda.

Greiddar stundir á ári fyrir dagvinnu skiptast þannig:

Tafla 4.2	Skipting greiddra stunda.					
	Ión- verkf.	Hafnar- verkam.	Fiskv. fólk	Prent- arar	Afgr. fólk	Skrifst. fólk
1. Greiddar stundir	2087.07	2087.07	2087.07	2087.07	2087.07	2087.07
2. Aukahelgid.	81.56	81.56	81.56	89.56	89.56	89.56
3. Orlof	160.00	160.00	160.00	168.00	160.00	160.00
4. Kaffitímar	134.57	134.57	134.57	133.40	133.99	57.42
5. Virkar st/veikindi/slys	1710.94	1710.94	1710.94	1696.11	1703.52	1780.09
6. Ætlað v/veikinda	59.88	59.88	59.88	67.84	52.81	55.18
7. Ætlað v/slysa	11.98	18.82	10.27	11.87	6.81	5.34
8. Ætlað v/fæðingarorl.	1.32	-	1.20	-	0.85	0.89
9. VIRKAR STUNDIR Á ÁRI	1637.76	1632.24	1639.59	1616.40	1643.05	1718.68

Sá virki tími sem liggur að baki hugtakinu laun og launatengd gjöld (lína 19) í töflu 4.1 eru virkar stundir á ári að viðbættum aukahelgidaga- og kaffitímum. Hlutfallið milli þeirrar stærðar og virkra stunda er:

10. 1.1320 1.1324 1.1318 1.1379 1.1361 1.0855
 Launakostnaður á virka vinnustund er fundinn með því að hækka laun og launatengd gjöld í ofangreindum hlutföllum:

	Ión- verkaf.	Hafnar- verkam.	Fiskv. fólk	Prent- arar	Afgr. fólk	Skrifst. fólk
11. HEILDARLAUNAKOSTN. Á VIRKA VINNUST.	1731.02	1784.48	1675.70	1999.38	1879.92	2069.74
12. LAUNAKOSTN. Á VIRKA STUND UMFRAM TAXTA	49.4%	48.8%	46.7%	50.4%	47.0%	40.1%

Rétt er að benda á að allar tölur hér að framan byggja á þeirri forsendu að einungis sé unnin dagvinna. Ef sett væri upp dæmi með einhverri gefinni yfir- eða vaktavinnu mundu hlutfallstölur þær sem gefa til kynna óbeinan launakostnað og heildarlaunakostnað lækka í hlutfalli við taxta (meðaltímakaup).

Þar sem launakostnaður er nú gerður upp með öðrum hætti en verið hefur og vegna samanburðar við fyrri ár skal ennfremur á það bent, að tölurnar hér að ofan eru ekki fyllilega sambærilegar við tölur fyrri ára. Með fyrri reikningsaðferð telst hlutfallið launakostnaður á virka stund umfram taxta vera:

49.0%	48.9%	47.0%	50.8%	45.6%	38.5%
-------	-------	-------	-------	-------	-------

Vinnudeilur.

Hér er fjallað um vinnudeilur á tímabilinu janúar - júní 1979. Nánast allir kjarasamningar hafa verið lausir á þessu tímabili ef undan eru skildir opinberir starfsmenn, en þeirra kjarasamningur rennur út 1. júlí 1979. Þrátt fyrir lausa samninga hefur ekki verið mikið um stóratök á vinnumarkaðinum á þessu tímabili ef undanskildar eru deilur mjólkurfræðinga, flugmanna og farmanna við viðsemjendur sína.

Fyrsta vinnustöðvun ársins var verkfall verkakvenna sem vinna hjá Sjúkrahúsi Akraneskaupstaðar, sem kom til framkvæmda 15. janúar og stóð í 2 sólarhringa.

Félag íslenskra atvinnuflugmanna boðaði verkfall kl. 19.00 27. janúar til kl. 08.00 30. janúar, eftir það voru takmarkaðar verkfallsaðgerðir allt til 9. febrúar þegar verkföllum var frestað til 23. febrúar að beiðni forsætisráðherra. Samkomulag náðist 7. apríl með svokallaðri þaklyftingu á laun flugmanna. Ekki hefur reynst unnt að meta umrædd skæruverkföll flugmanna til tapaðra vinnustunda.

Yfirmenn á farskipum hófu verkfall á miðnætti 25. apríl, 11. maí kom til framkvæmda boðað verkþann á undirmenn. Undirmenn svara með verkfalli frá og með 4. júní.

Mjólkurfræðingar hófu verkfall 14. maí, en vegna beiðni landbúnaðarráðherra veittu þeir undanþágu til þess að taka við og vinna alla mjólk frá bændum, þannig náði verkfallið aðeins til 6 manna sem unnu hjá Mjólkursamsöslunni, en þeir gerðu þó þá undanþágu að unnið var ca. 2 daga í viku við vinnslu mjólkur á neytendamarkað. Verkfallið leystist 8. júní með 3% launahækkun og að gerðardómur skeri úr um önnur mál.

Vegna vinnustöðvana mjólkurfræðinga og farmanna boðaði VSI almennt samúðarverkþann frá og með 18. júní. Að beiðni ríkisstjórnarinnar var verkþanninu frestað um 1 viku til 25. júní, en áður en til þess kom, skar ríkisstjórnin á hnútinn með bráðabirgðalögum sem sett voru 19. júní. Lögin kváðu á um að gerðardómur skuli ákveða kaup og kjör farmanna. Aðilar ákváðu að hlýta bráðabirgðalögunum en farmenn ákváðu að setja á yfirvinnubann í Faxaflóahöfnum. Vinnuveitendur hafa mótmælt yfirvinnubanninu og kært það til félagsdóms. Talsverðar undanþágur voru veittar á meðan á verkfalli farmanna stóð einkum varðandi áburðar og olíuflutninga á hafíssvæðið á norðausturlandi.

Af öðrum skærum má nefna setuverkfall hjá Sóknarstarfsmönnum við Öldrunardeild Hátúni 10, verkfall kennara í fjölbrautarskólunum í Keflavík og á Akranesi. Verkfall BSRB starfsmanna við fríhöfnina á Keflavíkurflugvelli og verkfall járníðnaðarmanna sem vinna hjá verktökum við uppsetningu hreinsitækja við Álverið í Straumsvík en það verkfall hefur staðið frá 20. maí og er óleyst um mánaðarmótin júní - júlí.

Verkföll og verkbönn árin 1970 - 1979.

Tafla 5.1	Fjöldi vinnustöðv-ana	Dagar með vinnustöðv.	Fjöldi þátttak-enda	Vinnustöðvunardagar			
				Landfólk í ASÍ	Far og fiskíms. sjómenn	Aðrir	Samtals
	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.
1970	65	48	15705	296596	7147	-	303743
1971	7	79	1790	6120	26139	180	32439
1972	5	56	1100	7225	4946	-	12171
1973	5	90	729	4714	9678	-	14392
1974	94	63	30948	89745	3917	-	93662
1975	122	86	20843	21907	41369	596	63872
1976	123	24	35219	263079	46871	-	309950
1977	292	78	48043	52065	-	137533	189598
1978	7	36	29910	45630	-	5640	51270
1979 jan.-júní	12	46	795	930	14835	135	15900

Tafla 5.1 sýnir fjölda tapaðra vinnudaga, vegna verkfalla og atvinnuleysis árin 1970 - 1979. Þess ber að geta að hér kemur einungis fram vinnutap þeirra, sem taka þátt í verkföllum, en ekki annarra sem það bitnar á, nema það leiði til atvinnuleysis og komi þá fram í þeim dalki. Hér er því fremur um að ræða talningu á töpuðum kaupgreiðsludögum launþega, en vinnutapi þjóðfélagsins. Þó er á þessu sú undantekning, að ef einhver hluti áhafnar skipa fer í verkfall telst öll áhöfnin vera í verkfalli.

Skráð atvinnuleysi 1972 - 1979.

Í töflu 6.1 er sýndur fjöldi skráðra atvinnuleysisdaga árin 1975 - 1979. Á tímabilinu 1972 - 1978 var atvinnuleysi lítið, með einstöku tímabundnum eða staðbundnum undantekningum. Atvinnuleysisdagar 1978 eru fleiri en 1977, en færri en 1975 og 1976. Hins vegar bryðdir á meira atvinnuleysi á fyrstu mánuðum 1979 sem á rót sína að rekja til Reykjavíkursvæðisins, aðallega til byggingariðnaðarins. Helstu orsakir má telja erfiða veðráttu og verkefnaskort. Í lok apríl voru 579 taldir atvinnulausir á Reykjavíkursvæðinu, þar af voru 351 skólanemandi en 864 á öllu landinu, á sama tíma í fyrra voru 146 atvinnulausir á Reykjavíkursvæðinu en 282 á öllu landinu.

Tafla 6.1 Skráðir atvinnuleysisdagar á öllu landinu
1975 - 1979.

	1975	1976	1977	1978	1979
janúar	...	23.463	14.175	14.799	20.809
febrúar	11.837	...	9.880	9.973	13.371
mars	8.365	16.856	7.393	9.186	10.331
apríl	7.871	9.419	4.229	5.638	8.190
maí	12.788	6.951	3.643	4.293	7.970
júní	14.242	6.792	3.753	3.963	
júlí	7.973	5.333	2.756	2.612	
ágúst	4.841	4.851	2.532	6.616	
september	4.499	4.242	3.807	4.305	
október	4.571	4.492	3.515	4.346	
nóvember	7.899	7.904	7.207	9.058	
desember	15.938	16.071	11.203	13.972	
Alls	100.824	106.374	74.093	88.761	

Tafla 6.2

Fjöldi atvinnulausra á skrá
í lok mánaðar 1972 - 1979.

	Reykjav. svæði 1)	Reykja- nes 1)	Vestur- land	Vest- firðir 2)	Norðurl. vestra 2)	Norðurl. eystra	Austur- land	Suður- land	Vestmanna- eyjar	Alls	Atvinnul.% af heildar- vinnuafli
<u>1972</u>											
Arsmeðaltal	63	1	14	3	165	117	51	19	11	444	0.5
<u>1973</u>											
Arsmeðaltal	65	12	18	1	137	70	36	22	-	361	0.4
<u>1974</u>											
Arsmeðaltal	92	11	36	12	95	41	47	34	-	368	0.4
<u>1975</u>											
Arsmeðaltal	256	25	54	18	78	127	59	25	2	644	0.7
<u>1976</u>											
Arsmeðaltal	201	7	25	29	48	98	60	39	-	507	0.5
<u>1977</u>											
Arsmeðaltal	134	7	24	4	51	53	38	53	1	365	0.4
<u>1978</u>											
Arsmeðaltal	148	48	19	10	70	69	30	37	15	446	0.4
<u>1979</u>											
janúar	371	56	20	5	116	117	124	65	8	882	0.9
febrúar	331	22	12	1	91	124	62	61	0	704	0.7
mars	248	10	3	1	65	132	47	38	0	544	0.5
apríl	264	9	0	0	102	84	43	20	0	502	0.5
maí	579	15	6	26	104	54	18	62	0	864	0.8

Skýringar:

- 1) Til Reykjavíkursvæðisins teljast auk Reykjavíkur, Seltjarnarnes, Kópavogur, Garðabær, Hafnarfjörður og Mosfellshreppur, en aðrir staðir í Reykjaneskjördæmi eru taldir til Reykjaness.
- 2) Drangsnæs og Hólmavík eru hér talin til Norðurlands vestra.

Heimild: Félagsmálaráðuneytið.

Tafla 6.3

Ársfjórðungsleg skráning atvinnulausra
karla og kvenna í Reykjavík 1929-1979.

<u>Ár/mán.</u>	<u>1.febrúar</u>	<u>1.maí</u>	<u>1.ágúst</u>	<u>1.nóvember</u>
1929	165	5	22	48
1930	39	3	-	90
1931	525	59	106	623
1932	550	205	633	731
1933	623	268	226	569
1934	544	190	390	719
1935	599	432	252	510
1936	596	720	226	609
1937	789	282	199	617
1938	690	345	316	804
1939	473	451	256	792
1940	526	459	166	100
1941	-	-	-	-
1942	-	-	-	-
1943	56	2	1	3
1944	61	-	1	21
1945	23	-	2	-
1946	2	-	-	1
1947	3	10	-	71
1948	37	42	14	19
1949	135	86	-	22
1950	221	42	75	251
1951	418	64	22	270
1952	718	70	52	81
1953	98	4	1	8
1954	4	2	2	8
1955	5	1	1	1
1956	8	-	1	-
1957	1	4	-	-
1958	20	-	-	-
1959	-	-	-	-
1960	-	-	-	-
1961	8	-	-	-
1962	-	-	-	-
1963	-	-	-	-
1964	1	-	-	1
1965	-	-	-	-
1966	-	-	-	-
1967	-	-	1	1
1968	467	32	210	79
1969	1361	380	439	364
1970	602	178	124	83
1971	157	89	66	65
1972	95	47	19	34
1973	91	29	17	50
1974	144	91	33	43
1975	112	307	178	98
1976	318	162	105	64
1977	130	114	64	44
1978	125	115	54	76
1979	305	246		

Reglugerð
um verðbætur á laun.

Í samræmi við ákvæði laga nr. 13 frá 10. apríl 1979 var þann 21. maí sl. gefin út reglugerð um verðbætur á laun og fer efni hennar hér á eftir.

1. gr.

Greiða skal verðbætur á laun hinn 1. júní 1979 og síðan á þriggja mánaða fresti miðað við breytingar sérstakrar verðbótavísitölu, sem Kauplagnesfnd reiknar (með tveimur aukastöfum) á sama tíma og vísitölu framfærslukostnaðar.

2. gr.

Verðbótavísitala reiknast eftir vísitölu framfærslukostnaðar og hefur grunntöluna 100 miðað við febrúarvísitölu 1979.

3. gr.

Við útreikning verðbótavísitölu samkvæmt 2. gr. skal draga frá framfærsluvísitölu þá hækkun hennar eða lækkun, sem leiðir af eftirtöldum breytingum milli útreikningsdaga verðbótavísitölu:

1. Breytingar búvöruverðs, er leitt hefur af breytingum á vinnulið verðlagsgrundvallar búvöru og stafa af launahækkun á almennum vinnumarkaði. Gildir þetta eins, þótt slík verðhækkun komi ekki fram í útsöluverði, sökum þess að hún hefur verið jöfnuð með niðurgreiðslu úr ríkissjóði að einhverju eða öllu leyti.
2. Breytingar á sköttum eða gjöldum eða álagning sérstakra skatta í því skyni að afla fjár til þess að draga úr áhrifum hækkunar olíuverðs á árunum 1979 og 1980 á framfærslukostnað þeirra heimila, sem hita hús sín með olíu. Verði fé varið úr ríkissjóði umfram áætlun fjárlaga 1979 til þessara þarfa án þess að skattar eða gjöld séu hækkuð af þeim sökum, eða á lagður sérstakur skattur, skal einnig draga jafngildi slíkrar fjárveitingar frá hækkun framfærsluvísitölu við útreikning verðbótavísitölu. Kauplagnesfnd skal meta þennan frádráttarlið sérstaklega hverju sinni, í fyrsta sinn við útreikning verðbótavísitölu frá 1. júní 1979.

3. Breytingar á áfengis- og tóbaksverði.

Leiðréttingar samkvæmt þessari grein eru gerðar sérstaklega hverju sinni og safnast ekki upp sem sérstakur vísitölulíður.

4. gr.

Rýrni viðskiptakjör þjóðarbúsins á gildistíma laga nr 13 10 apríl 1979 um stjórn efnahagsmála o. fl. frá viðskiptakjarastigi ársins 1978 þannig, að innflutningsverð hækki umfram útflutningsverð, skal draga frá hækkun verðbótavísitölu 30% þeirrar hlutfallstölu, sem viðskiptakjararýrnuninni nemur. Við mat á viðskiptakjaravísitölu verðbóta frá 1. júní 1979 skal byggt á viðskiptakjaravísitölu Hagstofu Íslands og Þjóðhagsstofnunar fyrir fyrsta ársfjórðung 1979 að tveimur þriðju, en að einum þriðja á mati á viðskiptakjörum á grundvelli dagverðs á helstu útflutnings- og innflutningsvörum í síðari hluta aprílmánaðar 1979. Hliðstæð tímavísitölu skal gilda fyrir viðskiptakjaramat við síðari verðbótaútreikning.

Á sama hátt og í 1. málsgrein segir skal viðskiptakjarabati koma til hækkunar verðbótavísitölu við verðbótaútreikning. Ekki skal taka tillit til breytinga á viðskiptakjörum samkvæmt þessari grein, nema breytingin nemi 1% eða meira milli útreikningsdaga verðbótavísitölunnar.

5. gr.

Kauplagsnefnd ákveður reiknireglur vegna ákvæða 1. - 4. gr. og setur nánari reglur um framkvæmd þeirra, eftir því sem þörf krefur.

6. gr.

Verðbætur samkvæmt ákvæðum 1. - 4. gr. greiðast á grunnkaup sem svo er ákveðið: Greitt kaup í mars 1979, þ.e. grunnlaun, verðbætur og verðbótaauki samkvæmt þágildandi samningum og lögum, telst grunnkaup við útreikning verðbóta samkvæmt þessari reglugerð. Grunnkaup þetta skal haldast óbreytt þar til um annað hefur verið samið. Að því er varðar félagsmenn í BSRB og BHM fer þó eftir samkomulagi því, sem gert hefur verið við fjármálaráðuneytið. Ákvæði þessarar reglugerðar breyta í engu rétti til að gerðir séu nýir kjarasamningar jafnt um grunnlaun sem verðlagsbætur á laun.

7. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 4. greinar skal frádráttur frá verðbótavísitölu hinn 1. júní 1979 vegna rýrnandi viðskiptakjara hæst nema 2% af verðbótavísitölu þann dag. Það, sem umfram 1% frádrátt kann að reynast skal tekið til greina þegar reiknuð verður verðbótavísitala frá 1. september 1979.

8. gr.

Frádráttur frá hækkun verðbóta samkvæmt ákvæðum 4. gr. skal ekki breyta rétti til verðbóta hinn 1. júní 1979 á laun, sem lægri eru en 210.000 krónur á mánuði fyrir fulla dagvinnu sbr. 6. gr. Hinn 1. september 1979 skal breyting verðbóta frá 1. júní vegna viðskiptakjaraáhrifa vera hin sama fyrir þessi laun og aðra launataxta. Hinn 1. desember 1979 skal síðan gilda sama vísitala við ákvörðun verðbóta á öll laun eins og hún verður ákveðin skv. 1. - 4. gr.

9. gr.

Komi til frádráttar frá hækkun verðbóta hinn 1. júní 1979 samkvæmt ákvæðum 1. gr. sbr. og 7. og 8. gr., skal hann koma þannig til framkvæmda að hann nái að fullu til launa, sem eru 220.000 krónur eða hærri á mánuði fyrir fulla dagvinnu samanber ákvæði 6. gr. og 10. - 12. gr. en lækki síðan jöfnum skrefum þannig að hann hverfi við 210.000 króna markið, sem sett er í 8. gr., og fer að öðru leyti eftir ákvæðum þeirrar greinar.

10. gr.

Þess skal gætt, þegar metin er hæð kauptaxta fyrir fulla dagvinnu, vegna ákvæða 8. og 9. gr., að jafnan sé miðað við endanlegan kauptaxta að meðtöldum hvers konar álögum, þó ekki erfiðis- og óprifaálagi. Sama skal gilda um kauptaxta, sem ákveðnir eru sem hlutfall af öðrum kauptaxta, að miða skal við hinn endanlega taxta, en ekki grunninn, sem hann er á reistur. Með taxta skal telja hvers konar álög og kaupauka, sem ekki svara með beinum og ótvíræðum hætti til útlagðs kostnaðar launþega vegna öflunar launatekna. Með taxta skal einnig telja vaktaálag að því leyti sem það kann að vera herra en svarar til eftirvinnu-, næturvinnu og helgidagaálags.

- a) Sem dæmi um álög, sem telja skal til dagvinnulauna í þessu sambandi, eru aldurshækkanir, starfsþjálfunarhækkanir, lög-gildingarálag, námskeiðsálag, verkstjórnarálag, flokkstjórnar-álag og yfirborgun. Upptalning þessi er aðeins leiðbeinandi.
- b) Sem dæmi um álög, sem ekki skal telja með dagvinnutaxta, í þessu sambandi eru erfiðisálag, óþrifaálag, þungaálag, álag vegna óþrifalegrar og óhollrar vinnu og hæðarálag.
- c) Kaupaukar sem ekki teljast til dagvinnulauna, í þessu sam-bandi, eru verkfærapeningar, bifreiðargjald, fæðispeningar, fatapeningar, fataþvottapeningar.

11. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 8. 9. og 10. gr. skulu verðbætur á reikni-tölur ákvæðisvinnu jafnan fylgja hinum almennu reglum um verðbætur í 1. - 7. gr., að öðru leyti en því að verðbætur á laun fyrir tíma-mælda ákvæðisvinnu með bónus eða kaupauka fyrir afköst umfram staðalafköst auk venjulegra launa fyrir unninn tíma ("bónuskerfi") samkvæmt samningum félaga innan Landssambands iðnverkafólks, Raf-iðnaðarsambands Íslands og Verkamannasambands Íslands og annarra félaga verkamanna og verkakvenna skal miða hlutfallslega við verð-bætur, sem reiknast á þann dagvinnukauptaxta, sem unnið er eftir hverju sinni samanber ákvæði 8., 9. og 10. gr.

12. gr.

Nú getur launþegi, sem unnið hefur samkvæmt ákvæðisvinnu-taxta, sýnt fram á, að dagvinnulaun hans á heilu uppgjörstímabili á tímabilinu 1. júní 1979 til 30. nóvember 1979, þannig metin, að deilt er í heildarlaun með vinnustundafjölda að viðbættum 1/4 fjórðungi og síðan margfaldað með dagvinnustundafjölda eða hliðstæðu hans samkvæmt staðfestri vinnutímaskýrslu, séu neðan við mörkin í 8. og 9. gr., og á hann þá rétt á leiðréttingu verð-bótagreiðslu fyrir þann tíma. Ósk um slíka leiðréttingu skal hafa komið fram innan hálf mánaðar frá því venjulegu uppgjörstímabili lauk.

13. gr.

Kauplagsnefnd getur gefið nánari leiðbeiningar um framkvæmd 6. - 12. gr., eftir því sem þörf krefur.

14. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. júní 1979 og er sett samkvæmt ákvæðum í VIII og XII kafla laga nr. 13 10. apríl 1979.

Mál út af brotum á reglugerð þessari fara að hætti opinbera mála.

SAMNINGUR

milli

Alþýðusambands Íslands vegna félaga, er beina aðild eiga að sambandinu, og ennfremur vegna Iðnnemasambands Íslands, Verkamannasambands Íslands, Málm- og skipamiðbasambands Íslands, Sambands byggingamanna, Rafiðnaðarsambands Íslands, Landsambands vörubifreiðastjóra, Landssambands iðnverkafólks, Landssambands ísl. verzlunarmanna, allt samkvæmt sérstökum félagaskráum,

og

Vinnuveitendasambands Íslands.

1. grein.

Síðast gildandi samningar framlengjast til 1. janúar 1980 með þeim breytingum sem greinir í samningi þessum.

2. grein.

Grunnkaup svo sem það er skilgreint í lögum um stjórn efnahagsmála nr. 13/1979 hækkar um 3%.

3. grein.

Samningur þessi gildir frá undirskriftardegi til 1. janúar 1980 og er uppsegjanlegur af hálfu beggja aðila með eins mánaðar fyrirvara. Sé honum ekki sagt upp framlengist hann um þrjá mánuði í senn með sama uppsagnarfresti.

Reykjavík, 25. júní 1979.

Af ákvæði 2. gr. þessa kjarasamnings leiðir að laun samkvæmt kaupskráum þeim er giltu frá 1. júní 1979 hækka um 3% frá 25. júní, að samþykktum samningnum.

Þróun helstu þjóðhagsstærða.

Vísitölur 1971 = 100

	1972	1973	1974	1975	1976	1977	Bráðab. 1978	apríl spá 1979
Þjóðarframleiðsla	106.0	112.0	115.8	113.4	116.1	121.7	126.7	128.9
Þjóðartekjur	105.7	115.8	116.8	109.8	116.2	125.4	130.5	130.5
Þjóðartekjur á mann	104.1	112.4	111.8	103.8	108.9	116.5	120.2	119.0
Einkaneysla	110.2	117.4	125.6	113.0	114.1	123.2	130.6	134.3
Einkaneysla á mann	108.5	113.9	120.2	106.8	106.9	114.5	120.3	122.8
Samneysla	106.0	112.3	118.0	120.4	126.4	128.9	131.5	132.8
Fjármunamyndun	99.0	119.0	131.8	120.7	117.6	126.4	116.9	107.8
Útflutningur	110.3	120.1	119.2	120.8	135.2	149.1	170.7	174.1
Innflutningur	101.4	120.6	136.5	122.4	120.9	143.5	151.8	152.9
Breyting viðskipta- kjara, %.	-0.9	15.3	-9.8	-14.6	12.7	8.4	0.0	-7.5
Viðskiptajöfn. í hlut- falli við þjóðarfrl. %	-2.6	-2.8	-11.3	-11.5	-1.7	-2.6	1.5	0.3
Föst erl. lán í hlut- falli við þjóðarfrl. %	25.5	22.2	30.2	39.1	37.2	36.7	41.7	
Greiðslubyrði af erl. lánunum í % af útflutn. tekjum.	11.4	9.1	11.2	14.2	13.8	13.7	13.7	
Framfærslukostnaður	110.4	134.9	192.9	287.3	379.8	495.4	713.8	
Væðing vöru og þjón.	114.4	142.7	202.9	304.7	407.0	531.0	766.0	

Heimildir: Þjóðhagsstofnun,
Hagstofan.